

lögmaður stefnda þá, að málið yrði hafið og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, alls kr. 12.806.00.

Þar sem lögmaður stefnanda hefur eigi sótt þing og ekki tilkynnt lögmæt forföll, verður krafa lögmanns stefnda tekin til greina og málið hafið, sbr. 1. mgr. 118. greinar og 2. tölulið 119. greinar laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur sjö sinnum látið sækja þing í máli þessu og þykja ómaksbætur (málskostnaður) honum til handa, þar með tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns hans hingað úr Reykjavík, hæfilega ákveðnar kr. 3.500.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Stefnandi, Thelma De Costa Arthur, greiði stefnda, Russel M. Arthur, ómaksbætur, kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1958.

Nr. 210/1957. X (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Y (Sigurður Ólason hrl.).

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans.

Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Hefur hann fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 16. júní 1958. Hún krefst þess, aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, sem hún ól 13. febrúar 1957, og til að greiða meðlag með því, barnsfaðerniskostnað og tryggingargjald, allt eftir úrskurði yfirvalda, en til vara, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Aðiljar eru samsaga um, að þau hafi upphaflega kynnt á dansleik í skemmtigarðinum Tivoli. Gagnáfrýjandi ber, að þessi fundur þeirra hafi orðið um miðjan maí 1956, en aðaláfrýjandi kveður, að kynning þeirra hafi orðið 18. apríl 1956. Aðiljar eru á einu máli um, að þau hafi á dansleiknum í Tivoli sett sér stefnumót nokkrum dögum síðar í Hressingarskálanum og haldið þaðan út í bæ og þá haft fullkomnar samfarir. Gagnáfrýjandi telur, að stefnumót þetta hafi verið viku eftir kynni þeirra í maí, en aðaláfrýjandi fullyrðir, að mót þeirra og samfarir hafi átt sér stað 21. apríl 1956. Hann bendir á máli sínu til stuðnings, að hann hafi verið sviptur útivistarleyfi frá herstöðinni um einn mánuð frá 2. maí 1956 að telja.

Maður sá, sem léði aðiljum húsaskjól nefnt skipti, getur eigi tilgreint tíma.

Tveir varnarliðsmanna skýra svo frá, að þeir hafi verið staddir í Tivoli 18. apríl 1956 og hafi fundum aðilja borið saman. Annar nefndra varnarliðsmanna kveðst hafa verið þarna með nafngreindri íslenzkri stúlku, en stúlka þessi fullyrðir hins vegar, að þessi samvist hennar og varnarliðsmannsins hafi eigi verið í apríl, heldur í maí 1956. Eigi rekur hana minni til, að hún hafi séð gagnáfrýjanda á dansleiknum. Þá eru aðiljar ásátt um, að þau hafi sett sér stefnumót síðar á árinu 1956 í Hressingarskálanum, haldið þaðan og haft fullkomnar samfarir í tilteknu húsi hér í

bæ. Gagnáfrýjandi telur, að stefnumót þetta hafi verið 20. ágúst, en aðaláfrýjandi ber, að það hafi verið um miðjan júlí 1956. Húsráðandinn í téðu húsi getur eigi tilgreint tíma.

Samkvæmt vottorði yfirlæknisins á Fæðingardeild Landspítalans er skráð í sjúkraskýrslur spítalans eftir gagnáfrýjanda, að hún hafi fyrir barnsburðinn síðast haft tíðir 1.—5. maí 1956, og fyrir héraðsdómi bar hún, að hún hafi haft reglulega á klæðum og síðast um mánaðamótin apríl-maí 1956. Frásögn gagnáfrýjanda um tíðir hennar kemur mjög vel heim við líklegastan getnaðartíma barnsins, og verður að leggja hana til grundvallar. Kunningsskapur málsaðilja bæði fyrir og eftir getnaðartíma barnsins skapar að visu nokkrar líkur gegn aðaláfrýjanda, en þar á móti koma nokkrar líkur fyrir kynferðismökum gagnáfrýjanda við aðra en aðaláfrýjanda og óvissa um farir hans til Reykjavíkur í maí 1956.

Með hliðsjón af þessu þykir eigi verða í máli þessu skorið úr um faðerni barnsins, heldur einungis um fjárgreiðslur á hendur aðaláfrýjanda vegna barnsins og barnshafnar gagnáfrýjanda. Þykir verða að láta greiðsluskyldu aðaláfrýjanda velta á eiði hans, þannig að hann sé sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, ef hann synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí 1956 til .1 júní s. á., að báðum dögum meðtöldum. En ef aðaláfrýjanda verður eiðfall, skal hann greiða meðlag með barni því, sem gagnáfrýjandi ól hinn 13. febrúar 1957, barnsfararstyrk og tryggingariðgjald til gagnáfrýjanda, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, X, á að vera sýkn af kröfu gagnáfrýj-

anda, Y, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir lögmætan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí 1956 til 1. júní s. á., að báðum dögum meðtöldum.

Ef aðaláfrýjanda verður eiðfall, skal hann greiða meðlag með barni því, sem gagnáfrýjandi ól hinn 13. febrúar 1957, barnsfararstyrk og tryggingariðgjald, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Keflavíkurflugvallar 8. apríl 1957.

Mál þetta er dómtekið 4. þ. m.

Hinn 13. febrúar 1957 ól ógift verkakona, sóknaraðili máls þessa, Y, Reykjavík, óskilgetið meybarn, er samkvæmt vottorði Guðrúnar Magnúsdóttur, ljósmóður á fæðingardeild Landspítalans, var 2830 gr. að þyngd, 48 cm. að lengd og höfuðmál 31/33 cm.

Sóknaraðili lýsti föður að barni sínu varnarliðsmanninn X, sem er í flugliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Hann hefur eigi við faðernið viljað kannast.

Sóknaraðili hefur því höfðað mál þetta gegn varnaraðilja, X, krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, greiði henni meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs sextán ára aldurs þess, greiði henni fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir yfirstandandi ár, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs.

Sóknaraðili hefur krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og til vara gert kröfu, að honum verði dæmdur synjunareiður.

Málskostnaðar hefur hann krafizt frá sóknaraðilja.

Sóknaraðili skýrir svo frá, að á miðvikudagskvöldi um miðjan maímánuð s.l. hafi hún verið stödd á dansleik í Tivoli í Reykjavík. Hitti sóknaraðili þar nokkra varnarliðsmenn, þar á meðal varnaraðilja. Dönsuðu þau þar saman og mæltu sér mót viku síðar á Hressingarskálanum í Reykjavík. Þaðan héldu þau í herskála í Múla Camp, sænguðu þar og áttu fullkomnar samfarir. Ekki voru notaðar getnaðarverjur.

Sóknaraðili segir, að Karl Sigurður Jónasson læknir hafi skoðað sig um miðjan ágústmánuð s.l. og sagði hann, að hún væri barnshafandi, en sóknaraðili segir, að vikuna á undan hafi hún legið heima hjá sér í uppköstum.

Sóknaraðili reyndi að ná til varnaraðilja hér á flugvellinum, en hann hafði gefið henni upp símanúmer sitt. Að lokum tókst sóknaraðilja að ná til varnaraðilja og bað hann finna sig til Reykjavíkur og gerði hann svo, og heldur sóknaraðili, að fundum þeirra hafi borið saman um 20. ágúst s.l. Hittust þau á Hressingarskálanum, en héldu þaðan að Grettisgötu 38 og áttu þar fullkomnar samfarir og þar greindi hún honum frá högum sínum.

Sóknaraðili segir, að varnaraðili hafi sagt sér, að hann væri kvæntur og ætti barn, en áður hafði hann sagt henni, að hann væri ókvæntur. Var þetta á heimili T, en þar var sóknaraðili stödd með varnaraðilja í heimsókn hjá vinkonu sinni, Ó, er þá var þénandi þar. Segir sóknaraðili sér hafi sinnast við varnaraðilja vegna skröks hans, rekið honum kinnhest og farið brott.

Sóknaraðili segir þetta vera sitt fyrsta barn. Hún hafi haft reglulega á klæðum, síðast fyrir barnsburð um mánaðamótin apríl/maí 1956.

Sérstaklega aðspurð af dómaranum segist sóknaraðili hafa átt samfarir við ónefndan karlmann í aprílmánuði s.l., en hafa haft á klæðum eftir það.

Varnaraðili játar að hafa hitt sóknaraðilja á dansleik í Tivoli, hafi það verið á miðvikudagskvöldi 18. apríl s.l. Næsta laugardag segir hann þau hafa átt stefnumót á Blue Front (Hressingarskálanum). Þau hafi farið á heimili óþekkts manns og átt þar fullkomnar samfarir og eigi notað getnaðarverjur.

Varnaraðili segir, að um miðjan júlímánuð hafi hann átt stefnumót við sóknaraðilja í Reykjavík, síðan haldið að Grettisgötu 38 og átt þar samfarir.

Þá gat sóknaraðili um, að hún væri þunguð af hans völdum, en varnaraðili segist ekkert hafa sagt. Hann segist þá hafa sagt henni, að hann væri kvæntur og ætti eitt barn, en áður hafði hann sagt henni, að hann væri skilinn. Grét þá sóknaraðili sáran og hljóp burt frá honum.

Varnaraðili segir, að hann álíti sóknaraðilja hafa átt samfarir við aðra karlmenn á hugsanlegum getnaðartíma barns hennar, en getur þó eigi tilnefnt neina.

Varnaraðili hefur sýnt á dómpinginu bæjarleyfabók herdeildar sinnar og samkvæmt henni fær hann fyrst bæjarleyfi til Reykjavíkur 18. apríl s.l., en hann kom hingað fyrst til lands 25. febrúar 1956.

Þann 21. apríl s.l. fær hann bæjarleyfi og segist þá hafa átt sínar fyrstu samfarir við sóknaraðilja. Næst fær hann bæjarleyfi 2. maí s.l. og fór þá á dansleik í Tivoli, en segist ekki hafa hitt sóknaraðilja. Hann segist hafa verið á dansleiknum of lengi, braut bæjarleyfisreglur varnarliðsins, var tekinn af herlögreglunni og var refsað með því að fá eigi bæjarleyfi í einn mánuð. Eftir miðjan maí s.l. var varnaraðili fluttur í nýja herdeild, og er eigi til nú bæjarleyfabók þeirrar herdeildar.

Varnarliðsmennirnir R og W hafa borið vætti í máli þessu.

Þeir segjast hafa farið með varnaraðilja til Reykjavíkur í umrætt skipti og á dansleik í Tivoli. Hafi varnaraðili hitt þar 18. apríl stúlku, er kölluð var Y, og hafa þeir lýst henni.

W segir, að varnaraðili hafi farið 2. maí s.l. á dansleik í Tivoli, hafi varnaraðili verið mjög ölvaður og á kvennafari, en ekki sá vitnið Y þar. Í það skipti var varnaraðili tekinn af herlögreglunni.

Vitnið segist hafa hitt stúlkuna H á dansleik í Tivoli 18. apríl s.l.

Vitnið H hefur borið vætti, að W hafi hún ekki kynnt á dansleik í Tivoli fyrr en síðara hluta maímánaðar s.l. Vitnið segir, að sóknaraðili hafi sagt sér í september s.l., en hana þekkir hún frá bernsku, að hún væri þunguð af völdum varnaraðilja.

Blóðrannsókn hefur farið fram á málsaðiljum og barni sóknaraðilja.

Árangur var þessi:

	Aðalflokkur	Undirflokkur	C	D	E	c
Sóknaraðili	A ₂	M	+	+	+	+
Barn hennar	0	M	÷	+	+	+
Varnaraðili	A ₁	MM	÷	+	÷	+

Samkvæmt þessari rannsókn er ekki unnt að útiloka varnar-
aðilja frá faðerninu.

Héraðslæknirinn í Keflavík hefur gefið svofellt álit:

„Meðgöngutími er talinn 270—280 dagar, en frávik er hugsan-
legt allmikið eða svo, að meðgöngutími sé 240—320 dagar. En al-
mennt er talið, að barn fæðist 9 mán + 4—7 dögum eftir að móð-
irin hefur síðast haft eðlilegar tíðir. Umrætt barn er fætt 13. II.
1957, síðustu reglulegar tíðir hefðu þá átt að vera 6.—9. maí
1956 og getnaður þá farið fram á tímabilinu frá síðustu eðlileg-
um tíðum, þar til næstu reglulegar tíðir hefðu átt að byrja eða
á tímabilinu 6.—9. maí til 6.—9. júní 1956“.

Eins og atvikum er lýst, þykir rétt samkvæmt 213. gr. laga nr.
85/1936 að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði sóknaraðilja.

Vinni sóknaraðili eið að því á lögmæltu varnarþingi eftir lög-
mæltan undirbúning, að hún hafi á tímabilinu 6.—9. maí til 6.—9.
júní 1956 haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, X, einan karl-
manna, þá skal hann talinn faðir barns hennar, meybarns, er hún
ól 13. febrúar 1957, enda greiði hann meðlag með barninu, fæð-
ingarstyrk, tryggingariðgjald barnsmóður fyrir yfirstandandi ár,
allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Vinni sóknaraðili eiðinn, greiði
varnaraðili henni málskostnað.

Falltzt sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili sýkn af kröfum
hennar í málinu, enda greiði hún honum þá málskostnað, kr.
500.00.

Því dæmist rétt vera:

Vinni sóknaraðili, Y, innan 4 vikna frá dómsbirtingu og
eftir lögmæltan undirbúning á lögmæltu varnarþingi sínu eið
að því, að hún hafi á tímabilinu 6. maí til 9. júní 1956 haft
holdlegar samfarir við varnaraðilja, X, einan karlmanna, skal
hann talinn faðir að meybarni því, er hún ól 13. febrúar 1957,
enda greiði hann meðlag með barninu, fæðingarstyrk og
tryggingariðgjald hennar fyrir yfirstandandi ár, allt eftir yf-
irvaldsúrskurði. Varnaraðili greiði sóknaraðilja þá málskostnað,
er telst hæfilegur kr. 500.00.

Falltzt sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili sýkn af kröf-
um hennar, enda greiði hún honum þá málskostnað, kr. 500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför laga.